

Alþjóðleg ráðstefna um ofanflóðavarnir – SNOW25 á Ísafirði 30. september - 3. október

Til : Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>
Frá : Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>
Heiti : Alþjóðleg ráðstefna um ofanflóðavarnir – SNOW25 á Ísafirði 30. september - 3. október
Málsnúmer : 2025040138
Málsaðili : Skipulagsstofnun
Skráð dags : 14.03.2025 10:53:14
Höfundur : Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>
Viðhengi : [image001.jpg](#)

Góðan daginn,

Skipulagsstofnun vekur athygli á neðan greindir ráðstefnu en stofnunin er hluti af hópi skipuleggjenda.

Ráðstefnan SNOW2025 er alþjóðleg ráðstefna um ofanflóðavarnir og ber nafnið:?

The International Symposium on Mitigation Measures against Snow Avalanches? and other Rapid Gravity Mass Flows.??

Megin þemu ráðstefnunnar eru:?

- Áhættustjórnun?
- Umhverfi og samfélag?
- Skipulag, hönnun, uppbygging og viðhald varnarmannvirkja?
- Virkni varnargarða byggt á reynslu, tilraunum og tölulegum hermunum.?

Árið 2025 er þess minnst? að 30 ár eru frá því að hin mannskæðu snjóflóð féllu?í Súðavík og á Flateyri árið1995. Atburðirnir ollu ekki aðeins miklu manntjóni heldur einnig umtalsverðu eignatjóni og röskun á lífi fólks og starfsemi fyrirtækja. Frá því snjóflóðin féllu hefur verið unnið markvisst að byggingu varnarmannvirkja og aðlögun samfélaga að þeirri ógn sem þessi náttúruvá er.??

Verkfræðingafélag Íslands (VFÍ) vill minnast þessara atburða með því að halda næstu SNOW ráðstefnu á Ísafirði dagana 30. september til 3. október nk. Áður hefur VFÍ staðið fyrir samskonar ráðstefnum á Siglufirði 2019 og á Egilsstöðum 2008.? ?

Síðustu ráðstefnur hafa laðað að sér fjölmarga íslenska þátttakendur og töluverðan hóp erlendra vísindamanna og fagfólks. Ráðstefnan er ætluð fólki frá sveitarstjórnun, stjórnsýslu, rekstraraðilum skíðasvæða, vegagerð, mannvirkjahönnuðum, eftirlitsaðilum og fræðimönnum innlendum sem erlendum.??

Skipuleggjendur ráðstefnunnar eru íslenskir og erlendir fagaðilar. Þeir eru:?

Verkfræðingafélag Íslands, Vegagerðin, Skipulagsstofun, FSRE, Háskóli Íslands, COWI, NTNU í Þrándheimi, Norges Geotekniske Institutt NGI, SLF í Davos Sviss, og ORION Consulting slf.?

Á vefsíðu ráðstefnunnar www.snow2025.is má nálgast frekari upplýsingar. Áhugasamir eru hvattir til þess að kynna sér efni ráðstefnunnar og skrá sig á þennan áhugaverða viðburð.??

Kveðja,

Starfsfólk Skipulagsstofnunar



Skipulagsstofnun